

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 58. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur í Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 23. maí 2006 kl. 17:00 í Hermes á Reyðarfirði.

Mætt eru: Jósef Friðriksson, Edda E. Egilsdóttir og Jón Halldór Guðmundsson. Jón Björn Hákonarson gat ekki mætt en sendi kveðjur sínar fundarmönnum. Halldóra S. Árnadóttir boðaði einnig forföll en varamenn gátu ekki mætt. Ennfremur sat fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Dagskrá:

1. **Starfsmannamál.**
2. **Endurmenntunarnámskeið 2006.**
3. **Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Gerðir fundarins:

1. **Starfsmannamál.**

Lögð fram beiðni Ruthar Magnúsdóttur kennsluráðgjafa um launalaust leyfi frá 1. ágúst n.k. í eitt ár. Stjórnin fellst á beiðnina. Forstöðumanni falið að gera ráðstafanir til að ráða í afleysingar í stöðuna til eins árs. Tekið til umræðu þörf fyrir að ráða talmeinafræðing til Skólaskrifstofunnar í hlutastarf. Forstöðumanni falið að vinna áfram að ráðningu starfsmanns í starfið.

Forstöðumaður greindi frá því að Ólafía Stefánsdóttir verður í 100% stöðu frá 1. júní n.k. Einnig upplýsti hann að búið er að ganga frá samningum L.N. við stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi.
2. **Endurmenntunarnámskeið 2006.**

Skólaskrifstofan fékk styrki til 6 námskeiða í sumar úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Að auki mun Skólaskrifstofan standa fyrir einu til í samstarfi við Félag íslenskra kennara í nýsköpun og frumkvöðlamennt.

Námskeiðin eru:

 - Lífsleikni - Lions Quest
 - Námstækni og kennsluáferðir
 - Kennsla nemenda með íslensku sem annað móðurmál
 - Myndlist – Videogerð
 - Fjölgreinanám
 - Einstaklingsmiðað nám í blönduðum bekk
 - Nýsköpunarmennt í skólastarfi.
3. **Önnur mál.**

Sigurbjörn greindi frá helstu atriðum af starfsemi Skólaskrifstofunnar. Einnig kom fram í máli hans að kynning verður 29. maí í Egilsstaðaskóla á Olweusarverkefninu kl.16:15 sem skólafólk, sveitarstjórnarmenn og fulltrúar foreldra hafa verið hvött til að kynna sér. Forstöðumaður greindi frá ýmsum fræðslufundum. Fram kom í máli Sigurbjörns að Skólaskrifstofan verður lokuð frá 10. júlí til 1. ágúst vegna sumarleyfa. Eins og áður hyggst Skólaskrifstofa fara í heimsóknir og kynna starf sitt nýjum sveitarstjórnnum og skólanefndum á svæðinu á hausti komanda.

Fleira ekki tekið fyrir.
Formaður sleit fundi kl. 18:55.

Jón H. Guðmundsson (sign)
Jósef Friðriksson (sign)
Edda Elísabet Egilsdóttir (sign)
Sigurbjörn Marinósson (sign)